

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur haft frv. þetta til athugunar, og eru allir nefndarmenn sammála um, að það sé til bóta, en þó varð ekki full samstaða um afgreiðslu þess. Fjórir nefndarmenn, þeir Gunnar Gíslason, Jónas Pétursson, Benedikt Gröndal og Karl Guðjónsson, vilja samþykkja frv. með þremur breytingum, sem þeir bera fram tillögur um. Eru tvær af þeim leiðréttingar á frv., og styð ég þær, en ein er efnisbreyting á lögnum, þar sem lagt er til, að styrkir til íbúðarhúsabygginga hækki úr 40 þús. kr., eins og ákveðið er í 48. gr., upp í 50 þús. kr. Og þar sem hvort tveggja er, að mér þykir of skammt gengið með þessari breytingartillögu og að ég vil einnig hækka jarðræktarframlagið meira en frv. gerir ráð fyrir, þá varð ekki full samstaða um afgreiðslu málsins, og flyt ég breytingartillögur um þau atriði, er aðrir nefndarmenn voru ekki sammála mér um.

Þegar löginn um Stofnlánadeild landbúnaðarins voru til meðferðar á síðasta þingi, þá reyndum við framsóknarmenn að koma fram breytingum til bóta, en allar okkar tillögur voru felldar í báðum þingdeildum.

Í neðri deild flutti ég ásamt Karli Guðjónssyni m. a. breytingartillögu um, að breytt yrði markinu um 10 ha. túnstærðina, sem notið hefur sérstaks jarðræktarframlags síðan 1957, og það fært upp í 15 ha. og hinir smærri bændur þannig hvattir og styrktir áfram til ræktunarframkvæmda, en þessi sjálfsagða tillaga var einnig felld.

Nú hefur ríkisstjórnin nokkrum mánuðum síðar ekki séð sér annað fært en flytja frv. það, er hér liggur fyrir, og taka upp þá breytingu, er við Karl Guðjónsson lögðum til í fyrra. Er ég auðvitað samþykkur þeirri breytingu, en vil þó láta þá skoðun í ljós, að ekki muni lengi verða hægt að una við 15 ha. markið, því að bústærðin hjá hverjum bónda hlýtur að verða að vaxa mjög fljótt upp fyrir það, sem 15 ha. tún getur framfleytt. Eftir atvikum er þó hægt að sætta sig við þessa breytingu í bili. Hins vegar tel ég ekki við það unandi, að kostnaðarprósenta 50 af hundraði, sem styrkurinn miðast við, sé lengur sú sama, og flyt breytingartillögu um, að hún verði 65 af hundraði kostnaðarverðs við ræktunina. Mundi þetta mjög hraða stækkun litlu túnanna og hjálpa nýbýlingum að koma undir sig fótum við búskapinn.

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir hækkun á byggingarstyrk til íbúðarhúsabygginga, en hann hefur verið allt að 40 þús. kr. Meiri hluti landbúnaðarnefndar gerir tillögu um að hækka styrk þennan upp í 50 þús. kr., án þess þó að gera ráð fyrir auknu framlagi úr ríkissjóði til að mæta hækkuninni. Ég vil hækka styrkinn um  $\frac{1}{3}$ , úr allt að 40 þús. kr. í 60 þús. kr., og að ríkissjóður leggi fram 3 millj. kr. í þessu skyni í stað 2 millj. kr. Ég geri einnig tillögu um, að ríkissjóður leggi fram árlega næstu ár þá fjárhæð, er þarf til að mæta þeirri hækkun, er ég legg til á jarðræktarframlaginu, og til endurbyggingar íbúðarhúsa á jörðum með ónothæfar í-búðir.

Nái þessar sjálfsgöngu breytingar fram að ganga, má telja, að um sinn sé sæmilega búið að þeim þáttum landbúnaðarmála, er frv. fjallar um.

Hins vegar er það skoðun okkar framsóknarmanna, að löginn um Stofnlánadeild landbúnaðarins þurfi gagnræðra breytinga við á öðrum sviðum. Er þar fyrst og fremst um að ræða að fella niður hina óréttlátu skattlagningu á bændur og neytendur til Stofnlánadeildarinnar og sjá henni fyrir fé með öðrum hætti. Enn fremur að lengja aftur lánstímann og lækka vextina. Framsóknarflokkurinn vill þó ekki tefja þetta frv. með umræðum eða tillögugerð um þá þætti málsins nú, en mun bráðlega leggja fram frumvarp um það efni.

Samkvæmt því, sem hér er tekið fram, er það tillaga mín, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

#### BREYTINGUM:

1. Á eftir 3. gr. komi ný grein:
  48. gr. laganna breytist þannig:
    - a. Í stað orðanna „allt að 40 þúsund krónur“ komi: 60 þúsund krónur.
    - b. Í stað orðanna „minnst 2 millj. króna“ komi: minnst 3 millj. kr.
2. Við 5. gr. Í stað „50%“ í 2. málsg. komi: 65%.
3. Við 6. gr. Greinin orðist þannig:
  64. gr. laganna orðist svo:

Til þeirra framkvæmda, er um getur í 60. gr., og til framkvæmda, er framlagsrétt fá samkvæmt 63. gr., greiðir ríkissjóður árlega á árunum 1963—1970, að báðum árunum meðtöldum, þá fjárhæð, er þarf til að greiða tilskilinn hluta ríkisins samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Alþingi, 13. des. 1962.

Ágúst Þorvaldsson.